

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2008, föstudaginn 18. apríl kl. 11:00 var haldinn 85. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Kjartan Magnússon, Gunnar Sigurðsson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Björn Bjarki Þorsteinsson, Ásta Þorleifsdóttir, Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir. Ennfremur sátu fundinn forstjóri, framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu, framkvæmdastjóri veitna og framkvæmdastjóri fjármála.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram og kynnt rekstraruppgjör móðurfélags fyrir janúar – mars 2008.
2. Umhverfisskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2007 – skýrsla um ábyrga starfshætti samþykkt og árituð.
3. Gjaldskrármál hitaveitu rædd.
4. Lögð fram svohljóðandi tillaga forstjóra, dags. 14. þ.m.

Stjórn OR samþykkir að auglýsa jarðirnar Hvamm og Hvammsvík í Kjósarhreppi til sölu, án jarðhitaréttinda.

Tillögunni fylgir greinargerð ásamt erindi Kjósarhrepps dags. 18. mars 2008 og Hvammsvíkur ehf. dags. 19. mars 2008.

Samþykkt.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga forstjóra, dags. 14. þ.m.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur staðfestir meðfylgjandi makaskiptasamning milli Orkuveitu Reykjavíkur og Kirkju sjöunda dags aðventista á löndum í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt.

6. Umsóknir um samfélagslega styrki 2008 kynntar.
7. e-Farice. Lagt fram minnisblað forstjóra dags. 16. þ.m.
8. Lögð fram álitsgerð Helga Jóhannessonar hrl. dags. 11. mars s.l. varðandi álitæfni í samningi Orkuveitunnar og Alcan. Ennfremur drög að samkomulagi dags. 27. mars s.l.

Samþykkt að fela forstjóra að ganga frá samkomulagi við Alcan í samræmi við framlögð drög.

9. Lagðar fram samþykktir fyrir Uppgræðslusjóð Ölfuss.

Ásta Þorleifsdóttir leggur til að við 3. gr. samþykka á eftir orðunum „að efla uppgræðslu“ bætist við „og endurheimt votlendis“.

Samþykktirnar samþykktar svo breyttar.

10. Málefni Reykjavík Energy Invest.

Á fundinn kom Þorleifur Finnsson frá REI og kynnti *Heads of Terms of Power Purchase Agreement* milli REI og ríkisstjórnar Lýðveldisins Djíbútí og

orkufyrirtækisins Electricité de Djibouti og Heads of Terms of a Project Agreement milli REI og ríkisstjórnar Lýðveldisins Djíbútí, báðir undirritaðir 10. apríl 2008.

Jafnframt lagt fram og kynnt Letter of Intent milli REI og Public Electricity Corporation of the Republic of Yemen, undirritað 6. apríl 2008 og greint frá samskonar samkomulagi við ríkisstjórn Eþíópíu frá janúar 2008.

Formaður lagði fram svohljóðandi tillögu Kjartans Magnússonar, Ástu Þorleifsdóttur og Júlíusar Vífils Ingvarssonar:

Megintilgangur Orkuveitu Reykjavíkur er að tryggja Reykvíkum og öðrum notendum á heimamarkaði góða þjónustu á sem bestu verði en ekki að taka þátt í áhættufjárfestingum erlendis.

Með það að markmiði að staðinn verði vörður um þessa kjarnastarfsemi og mikilvægt almannaþjónustuhlutverk fyrirtækisins, samþykkir stjórn OR að unnin verði úttekt á REI og verðmat á verkefnum þess með það fyrir augum að fyrirtækið geti einbeitt sér að ráðgjöf og þróunarverkefnum en hugað verði að sölu á þeim verkefnum, sem ekki falla undir þá starfsemi.

Þekking starfsmanna Orkuveitunnar verði áfram nýtt á vettvangi REI og OR til ráðgjafarþjónustu í þágu fyrirtækja á sviði jarðhitaverkefna og umhverfisvænna orkugjafa samkvæmt sérstöku samkomulagi.

Svandís Svavarsdóttir og Sigrún Elsa Smáradóttir óska eftir frestun.

Afgreiðslu frestað.

Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir óska bókað:

Tillagan er sundurlaus og illa ígrunduð og lyktar af flauturslegum viðbrögðum við upphlaupi í borgarfulltrúahópi Sjálfstæðismanna. Hætt er við að hún hafi neikvæð áhrif á verðmæti REI og einstakra verkefna fyrirtækisins. Einnig er líklegt að tillagan skaði samningsstöðu REI t.d. gagnvart alþjóðlegum bönkum. Auk þess sem ekki er ljóst hvort framfylgd tillögunnar geti í einhverjum tilvikum skapað REI o.þ.m. OR bótaskyldu gagnvart þriðja aðila.

Stjórnarformaður og varaformaður stjórnar eru nýkomin úr ferð sinni til Djíbútí þar sem skrifað var undir samning um tilraunboranir og viljayfirlýsingu um virkjanaframkvæmdir reynist niðurstaða tilraunaborana jákvæð.

Ekki fæst betur séð en framkomin tillaga gangi þvert á þær skuldbindingar sem stofnað var til í ferðinni.

Þessi hringlandaháttur er til skammar og vekur spurningar um hæfi og umboð formanns og varaformanns til að starfa að þessum málum.

Fulltrúar Samfylkingar og VG telja tillöguna varla tæka á stjórnarfundum OR þar sem hún varði bæði megintilgang félagsins og hafi veigamikil áhrif á starfsemi þess og falli því frekar að verksviði eigendafundar.

Kjartan Magnússon, Ásta Þorleifsdóttir og Júlíus Vífill Ingvarsson óska bókað:

Tillaga um úttekt á Reykjavík Energy Invest og verðmat á verkefnum þess er lögð fram að vandlega athuguðu máli. Hún er eðlilegt framhald á þeirri vinnu, er átt hefur sér stað á vettvangi REI á undanförunum vikum og hefur miðað að því að lágmarka áhættu fyrirtækisins án þess að tapa verðmætum, sem sett hafa verið í einstök verkefni þess. Mörg þessara verkefna munu krefjast mikils fjármagns sem REI hefur ekki yfir að ráða án aðkomu öflugra fjárfesta, miðað við þau skilyrði sem fyrirtækinu eru sett í 100% eigu OR. Það er öllum aðilum til hagsbóta að sem fyrst verði ljóst hvaðan fé á að koma til einstakra verkefna.

REI hefur fjölmörg jarðhitaverkefni til skoðunar í ýmsum löndum og á fjölþættum sviðum. Stjórn REI telur að það beri að skilgreina stefnu og verkefnaval fyrirtækisins mun betur í því skyni að nýta sértæka þekkingu þess samfara því að lágmarka áhættu og óskar eftir góðu samstarfi við alla stjórnarmenn Orkuveitunnar í því skyni.

Í samræmi við framangreint leggur meirihluti stjórnar OR til að sérstakur starfsfundur stjórnar verði haldinn til að ræða framtíðarsýn og hlutverk REI áður en tillagan verður tekin til afgreiðslu.

Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir óska bókað:

Fulltrúar Samfylkingar og VG óska bókað að gefinn var kostur á því að taka málið út af dagskrá á fundinum þar sem það er bæði vanreifað og illa unnið og tillagan samræmist ekki niðurstöðu stýrihóps borgarráðs.

Á síðasta eigendafundi OR, sem haldinn var 15. febrúar sl., var samþykkt:

*Eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að Reykjavík Energy Invest verði að 100% í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og verði áfram rekið með það hlutverk að sinna þróunar- og fjárfestingarverkefnum á erlendri grund.*

Því er ljóst að tillaga meirihluta stjórnar OR er eðlisbreyting frá samþykktum síðasta eigendafundar. Stjórn OR getur ekki tekið fram fyrir hendurnar á eigendum hvað svo sem öllum ágreiningi í borgarfulltrúahópi Sjálfstæðismanna líður.

11. Lagt fram að beiðni Gísla S. Einarssonar, bæjarstjóra á Akranesi, minnisblað Jóhannesar Karls Sveinssonar hrl. dags. 6. mars s.l. um samskipti Reykjavíkurborgar við sameigendur að Orkuveitu Reykjavíkur.
12. Lögð fram skipulagsskrá Skákakademíu Reykjavíkur.  
Stjórn samþykkir aðild OR að Skákakademíu Reykjavíkur, sbr. framlagða stofnskrá, og að greiða til hennar 5 mkr. á ári í fjögur ár.
13. Lagt fram erindi Listasafns Reykjavíkur um stuðning við Tilraunamaraðon á Listahátíð.  
Samþykkt að styrkja verkefnið um 5 mkr.
14. Lagt fram erindi Rannsóknarsjóðs Bjarna Benediktssonar.  
Samþykkt að vísa erindinu til afgreiðslu styrkumsókna.
15. Lögð fram ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2008 um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á hlut í Hitaveitu Suðurnesja.  
Forstjóri gerði grein fyrir ákvörðuninni.
16. Lögð fram greinargerð framkvæmdastjóra veitna og framkvæmdastjóra framleiðslu og sölu um bilanir í háspennustrengjum OR og Landsnets í mars og apríl 2008.

**Fleira gerðist ekki.**

**Fundi slitið kl. 15:30**

Kjartan Magnússon,

Ásta Þorleifsdóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson, Gunnar Sigurðsson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir.